

Hestamannafélagið Funi, Eyjafirði



Skýrsla Barna- og unglíngaráðs 2013

Æskulýðsstarf í hestamannafélaginu Funa, Eyjafirði

Æskulýðsstarf Barna- og unglingaráðs fór fyrst og fremst fram í námskeiðahaldi þetta árið með mismunandi markhópa. Þá var sem fyrr haldið mót fyrir æskuna, hið árlega Æskulýðsmót. Krakkarnir okkar hafa síðan verið dugleg að hjálpa til á þeim viðburðum þar sem hestamannafélagið Funi býður upp á teyningar fyrir óvana og voru þeir viðburðir þrír á árinu.

Sumardagurinn fyrsti

Sumardaginn fyrsta er mikið um að vera í Funaborg á Melgerðismelum hjá hestamannafélaginu. Þar er kaffihlaðborð ásamt ýmsu handverki til sölu, véla-, bíla- og tækjasýning auk þess sem reynt er að fá sem flestar skepnur með afkvæmi sín. Viðburðurinn hefur verið vel sóttur og á staðnum er líka teymt undir börnum. Eldri krakkar sem taka þátt í æskulýðsstarfinu hafa aðstoðað við teyningarnar og sá hátturinn var líka viðhafður þegar hestamannafélagið bauð upp á teyningar við Hrafnagilsskóla í tengslum við kvannahlaupið 8. júní.



Námskeið í sætisæfingum

Fyrri partinn í júlí var boðið upp á námskeið í sætisæfingum, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Um var að ræða jafnvægisæfingar, háðar getu hvers og eins enda um einstaklingskennslu að ræða. Þátttakan var allgóð, bæði óvanir og vanir krakkar mættu.

Fyrir óvana

Seinni part júlímánaðar var blásið til reiðnámskeiðs fyrir óvana krakka þar sem nefndin útvegaði hross og reiðtygi. Þátttakan var mjög góð og komust færri að en vildu. Það er alltaf gaman að sjá gleðina skína út úr andliti krakka sem dreymir um að prófa að fara á hestbak, mæta á námskeið og fá óskir sínar uppfylltar og virkilega njóta þess!



Handverkshátíðarvinna

Handverkshátíðin á Hrafnagili var haldin 9.-12. ágúst þar sem félögum í sveitinni býðst að vinna við hátíðina. Hestamannafélagið Funi tók að sjálfsögðu þátt í þeirri vinnu, m.a. að teyma undir óvönnum og unglingarnir okkar hjálpuðu til við það og stóðu sig eins og hetjur á þeirri vaktinni.



Fyrir vana

Um miðjan ágúst var síðan komið að því að bjóða vönu krökkunum upp á námskeið. Þar var farið yfir leiðtogaæfingar til styrktar sambandinu milli manns og hests. Þá fegnu þau sem vildu og höfðu áhuga á tilsögn varðandi undirbúning fyrir keppni. Þátttakan var þokkaleg og krakkarnir komu vel undirbúnir í

árlega Bæjakeppni félagsins sem var haldin seinni partinn í ágúst.

Æskulýðsdagar

Æskulýðsdagar sem félagið stóð fyrir voru haldnir í ágúst í tengslum við Bæjakeppnina í stað þess að vera þriðju helgi júlímánaðar eins og verið hefur. Varðaði það einkum útlit fyrir dræma þátttöku í júlí. Æskulýðsdagarnir voru engu að síður með svipuðu sniði á föstudegi og laugardegi en sunnudeginum beindum við í þátttöku á Bæjakeppninni. Þátttakan var mjög góð.



Gleðin hófst með ratleik á föstudagskvöldinu þar sem þátttakendum var skipt upp í lið og liðin leystu ýmsar þrautir víða um Melgerðismelasvæðið.

Það var orðið skuggsýnt á föstudagskvöldinu í ratleiknum þegar kom að síðustu stöðinni, söngur að eigin vali, stig fyrir stíl og söng!



Þrautabraut, «kallinn» þarf húfu...



Skeifukast, flest stig í minnstu fötu.



Svo þurfti að enda á uppstillingu!

Á laugardeginum var sett upp þrautabraut inni í Melaskjóli. Um var að ræða einstaklingskeppni eldri og yngri aldursflokka og varð keppnin æsispennandi því tímataka réði miklu en auk þess voru refsstig ef þrautirnar voru ekki leystar nógu vel úr hendi.



Síðar um daginn var farið í reiðtúr þar sem foreldrar komu með og um kvöldið var grillveisla og leikir. Fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt félagið um verðlaun og mat þannig að við getum boðið þátttakendum upp á gjaldfrítt mót við frábærar aðstæður.

Flott umhverfi Borgarréttar þar sem farið var í reiðtúr.



Glaður hópur þátttakenda á Æskulýðsdögum :o)

...Starfið áfram...

Vetrarstarfið er ekki enn byrjað en ýmsar hugmyndir í farvatninu – fyrir liggur að hrinda einhverjum þeirra í framkvæmd :o)

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs Funa
Sigríður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglingaráð Funa er þannig skipað 2013-2014:



Sigríður Bjarnadóttir, Hólsgerði, formaður
Anna Sonja Ágústsdóttir, Kálfagerði
Auðbjörn Kristinsson, Hólakoti (að hluta, flutti)
Kristján Hjalti Sigurðsson, Hjallatröð 2
Þorsteinn Egilson, Grund 2

VIÐBÓT VIÐ SKÝRSLUNA

Um haustið voru uppi hugmyndir um að koma á fót TREC námskeiði fyrir börn og unglunga í kjölfar kynningarfundar á því með fulltrúa/fulltrúum frá LH. Það teygðist úr því að sá fundur yrði haldinn en þar var 7. des. Skemmst er frá því að segja að komið var á fót TREC námskeiði fljótlega í ársbyrjun 2014 fyrir fullorðna, börn og unglunga. Þátttakan var góð, um 12 krakkar hafa mætt til leiks og reynt ýmsar þrautir í Funaskjóli, reiðskemmumni á Melgerðismelunum.